

Ár 2013, fimmtudaginn 5. desember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Í upphafi fundar lagði formaður fram dagskrárbreytingartillögu þannig að við bætist liður 2.2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags. Dagskrárbreytingartillagan samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi fært til bókar:

### **1. Bréf sem borist hafa frá:**

#### **1.1. Innanríkisráðuneytinu frá 12. nóvember 2013.**

Í bréfinu er minnt á að sveitarstjórnir skulu afgreiða fjárhagsáætlanir til næstu fjögurra ára fyrir 15. desember og senda til Hagstofunnar.

Lagt fram til kynningar.

#### **1.2. Héraðssambandinu Skarphéðni frá 20. nóvember 2013.**

Í bréfinu óskar Héraðssambandið Skarphéðinn eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu en vísar til þess að stuðningur Hveragerðisbæjar við HSK er greiddur í gegnum framlag Héraðsnefndar Árnesinga.

#### **1.3. Lionsklúbbum Eden og Lionsklúbbi Hveragerðis ódagsett.**

Í bréfinu óska Lionsklúbbarinnir eftir styrk frá Hveragerðisbæ til að halda árlegt jólaball barna í Hveragerði að Hótel Örk 26. desember 2013.

Bæjarráð samþykkir að styrkja Lionsklúbba um kr. 50.000.-.

### **2. Fjárhagsleg málefni:**

#### **2.1. Álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2014.**

Lögð fram bréf frá Innanríkisráðuneytinu og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem kynntur er viðauki sem gerður hefur verið við samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 um tilfærslu þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Viðaukinn felur í sér að ákvörðun um endanlega útsvarsprósentu sveitarfélaga vegna yfirfærslu þjónustunnar er frestað um eitt ár, til ársins 2014 með gildistöku árið 2015. Þess

vegna þarf að bregðast sérstaklega við vegna ársins 2014. Það er gert með því að heimila að leyfilegt hámarksútsvar af tekjum manna á árinu 2014 hækki um 0,04%, úr 14,48% í 14,52%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall tekjuskatts lækki um samsvarandi hlutfall þannig að ekki verði um heildarhækkun tekjuskatts og útsvars að ræða.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að útsvar ársins 2014 nemi 14,52%. Engar aukaálgöngur munu leggjast á bæjarbúa vegna þessa. Verði þetta ekki gert mun Jöfnunarsjóður innheimta ígildi útsvarsaukningarinnar með tilheyrandi tekjulækkun fyrir bæjarsjóð.

## 2.2. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Lögð fram umsókn um að nemandi með lögheimili í Hveragerði fái að stunda nám utan sveitarfélags. Afgreiðslu var frestað á síðasta fundi bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir erindið á grundvelli fyrirliggjandi gagna og gildir samþykktin fyrir yfirstandandi skólaár. Rétt er að geta þess að bæjarfélagið mun ekki taka þátt í akstri sem af skólavistinni hlýst.

## 3. Fundargerðir til kynningar:

- 3.1. **SASS frá 28. nóvember 2013.**
- 3.2. **Héraðsnefnd Árnesinga b.s. frá 17.- 18. október 2013.**
- 3.3. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 26. nóvember 2013.**
- 3.4. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 22. nóvember 2013.**
- 3.5. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 22. nóvember 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:43

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)